

— *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna um fangahús og fangareglur.* 80
10. júlí.
— Með brjefi þessu var send amtmönnum auglýsing landshöfðingja frá sama degi um fangahús og þeim vísað á erindisbrjef það, er prentað er hjer næst á undan. Þar að auki voru þeir beðnir að segja álit sitt um það, hvort æskilegt væri með tilliti til ástæðanna í hinum einstöku fangelsum að breyta í nokkru fangareglum þeim fyrir fangelsið í Reykjavík, er staðfestar höfðu verið til fyrst um sinn til að hafa gildi einnig fyrir hin fangelsi landsins.

Fundaskýrslur amtsráðanna.

A.

Fundur amtráðsins í suðurumdæminu 8.—10. júním. 1876.

Amtsráðið var haldið í Reykjavík undir forsæti amtmannsins í suðuramtinu, og mættu á fundinum hinir kosnu fulltrúar: Dr. phil. Grímur Thomsen á Bessastöðum og prófastur Jón Jónsson á Mosfelli.

Þessi málefni komu til umræðu á fundinum:

1. Viðvíkjandi sýslureikningunum, sem ekki höfðu komið til amtmannsins í tækan tíma, og ekki urðu í þetta skipti endurskoðaðir, var það ákveðið, að brýna fyrir sýslumönnum, að senda reikninga þessa árlega svo snemma til amtmanns, að hann hefði meðtekið þá í lok maímánaðar. Því var hreift í amtsráðinu, hvort nauðsynlegt væri, að sýslunefndirnar ættu fund með sjer til að yfirfara sýslureikningana, eptir að þeir hafa verið endurskoðaðir, áður en þeir eru sendir til amtsráðsins, og var það álit ráðsins, að þetta væri því að eins nauðsynlegt, að sýslumaðurinn eigi fjellist á þær athugasemdir, sem endurskoðunarmaðurinn hefði gjört.
2. Útaf beiðni frá fundi að HERRÍÐARHÓLI 30. marz þ. á. um, að amtsráðið veitti fje til varðar meðfram Brúará til að varna útbreiðslu fjárkláðans, komst ráðið að þeirri niðurstöðu, að það ekki sæi sjer fært að veita fje til þessa varðar, með sjerstöku tilliti til tilsk. 4. marz 1871 5. gr.
3. Landshöfðingi hafði leitað álits ráðsins um, hverjir vegir í suðuramtinu skuli vera fjallvegir eptir lögum 15. okt. f. á. m. m. Ráðið áleit að þessir vegir ættu að vera fjallvegir:

A. Vegir milli landsfjórðunga:

1. Sprengisandsvegur,
2. Vatnahjallavegur, og
3. Kjalvegur.

B. Vegir milli sýslna:

1. Fjallabaks eða Goðalandsvegur,
2. Grindaskarðavegur,
3. Lágaskarðsvegur,
4. Hellisheiðarvegur,
5. Mosfellsheiðarvegur,
6. Oksvegur,
7. Kaldadalsvegur, sem aptur stendur í sambandi við Stórasand og Grímstungnaheiði.

Af vegum þessum álitast Hellisheiðar- og Kaldadalsvegirnir eiga að vera í fyrirúmi fyrir öllum öðrum; vildi ráðið jafnframt mæla fram með því, að fyrirtæki nefndar þeirrar,